



Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Félagsheimilinu Árnesi  
801 Selfossi

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 3. júlí 2017  
Tilv.: UMH17050116/11-3

Efni: Stækkan friðlands í Þjórsárvorum

Eins og fram kom á fundi umhverfis- og auðlindaráðherra með sveitarfélögum sem lögsögu eiga að stækkuðu friðlandi Þjórsárvera þann 20. júní sl. hefur ráðherra ákveðið að taka upp að nýju vinnu við stækkan friðlandsins í Þjórsárvorum sem fyrirhugað var að ljúka í júní 2013. Lagt er til að friðlýsingarskilmálar og mörk svæðisins verði þeir sömu og samþykktir voru á lokafundi samráðsnefndar viðkomandi sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar og kynnt var í skilabréfi Umhverfisstofnunar til ráðherra dagsett 8. apríl 2013.

Tillagan er send að nýju til viðkomandi sveitarfélaga til umsagnar en vakin er athygli á að ný náttúruverndarlög, nr. 60/2013, tóku gildi 15. nóvember 2015. Í ljósi þess hafa breytingar verið gerðar á texta auglýsingarinnar hvað varðar tilvísanir til laga auk þess sem lagt er til að nýtt ákvæði bætist við er fjallar um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar í samræmi við ákvæði nýju laganna. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirliggjandi friðlýsingarskilmála er þrír mánuðir frá dagsetningu þessa bréfs. Í kjölfarið verður tekin ákvörðun um friðlýsingu svæðisins að teknu tilliti til framkominna athugasemda.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Svana Helgadóttir

Guðríður Þorvarðardóttir

Fylgiskj.: Auglýsing og kort

Samrit: Akrahreppur, Ásahreppur, Bláskogabyggð, Eyjafjarðarsveit, Hrunamannahreppur, Húnnavatnshreppur, Rangárþing ytra og Svetarfélagið Skagafjörður